



Hjálparstarf
kirkjunnar
actalliance

Starfsskýrsla **2016-2017**

Aðstoð í neyð

á Íslandi og í fátækustu samfélögum heims

og hjálp til sjálfshjálpar

Hjálparstarf kirkjunnar leggur lóð sín á vogarskálarnar til þess að heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun náist fyrir árið 2030. Áskoranirnar eru hins vegar risavaxnar og margslungnar; ójöfnuður innan og milli samfélaga, loftslagsbreytingar, vatnsskortur, fæðuóöryggi, vannæring, ófriður og vaxandi fjöldi flóttafólks í heiminum.

Hjálparstarfið, sem er sjálfseignarstofnun, starfrækir mannúðar- og hjálparstarf í nafni íslensku þjóðkirkjunnar jafnt innanlands sem utan og fræðir íslenskan almenning um það á ýmsum vettvangi. Sem kirkjutengd stofnun nýtur Hjálparstarfið þeirrar sérstöðu að byggja á grasrótastarfi í nærsamfélaginu en meginmarkmið eru bætt lífskjör þeirra sem búa við fátækt og að mannréttindi séu virt.

Innanlands starfa félagsráðgjafar Hjálparstarfsins með prestum og djáknum, félagsþjónustu sveitarfélaga, öðrum mannúðarsamtökum, stofnunum og ráðuneytum að úrlausn verkefna en ekkert er skipulagt án þess að notendur þjónustunnar hafi verið hafðir með í ráðum og öll aðstoð er hjálp til sjálfshjálpar.

Í mannúðaraðstoð og þróunarsamvinnu liggur styrkur Hjálparstarfsins í samvinnu við hjálparstofnanir sem þekkja staðhætti á verkefnasvæðum. Þær þekkja söguna og menninguna en það auðveldar skipulagningu og útfærslu aðstoðar og þær eru áfram á svæðinu eftir að alþjóðlegri aðstoð lýkur og geta mælt árangur hennar. Þá er alþjóðlegt Hjálparstarf kirkna unnið í náinni samvinnu við hjálparstofnanir Sameinuðu þjóðanna og eftir ströngustu stöðlum um faglegt hjálparstarf.

Um starfið frá júlí 2016 – júní 2017 er fjallað hér í skýrslunni en nánar um hvert verkefni fyrir sig er að finna í netskýrslu á heimasíðu Hjálparstarfsins www.help.is.



Forsíðumynd og mynd á bls 2: Flóttafólk frá Suður-Súdan við komuna í flóttamannabúðir í Norður-Úganda í mars 2017

Hjálparstarf kirkjunnar

Verkefnasvæði starfsárið
2016-2017





Mannúðaraðstoð vegna náttúruhamfara og stríðsátaka

Í febrúar 2017 var svo komið að meira en helmingur sómólsku þjóðarinnar, eða um 6,2 milljónir manns, þurfti á mannúðaraðstoð að halda vegna langvarandi ófriðar í landinu, þurrka og uppskerubrests. Um 363.000 börn voru alvarlega vannærð. Zakaria Ugas Mohamed var einn þeirra. Móðir hans Jija Abdulkadir Mohamed fór með hann á heilsugæslustöð Alþjóðlegs hjálparstarfs kirkna í mars síðastliðnum og þar fékk hann næringu og aðhlyningu.

Meginmarkmið:

- óbreyttir borgarar njóta verndar gegn stríðsátökum
- mannslífum er bjargað með því að grunnþörfum fólks er mætt
- heilsufar fólks hefur batnað og velferð þess aukist
- viðnámsþróttur samfélaga og geta til að lifa af hamfarir hefur aukist

Á starfsárinu:

- aðgengi tryggt að öruggu drykkjarvatni og hreinlætisaðstöðu
- matarföngum og ílátum dreift sem og grunnhúsbúnaði
- aðgengi tryggt að öruggu skjóli
- aðgengi að heilsugæslu tryggt
- aðgengi að skólagöngu tryggt börnum
- fólki veitt tækifæri til að hefja nýtt líf og sjá fyrir sér sjálft
- fræðsla veitt um neyðarviðbúnað og forvarnir

Haítí: Mannúðaraðstoð í kjölfar fellibylsins Matthíasar í október.

Úganda: Mannúðaraðstoð við flóttafólk frá Suður-Súdan vegna átaka í landinu.

Sómalía: Mannúðaraðstoð vegna langvarandi ófriðar í landinu, þurrka og uppskerubrests.

Grænland: Landssöfnun til aðstoðar á Vestur-Grænlandi þar sem flóðbylgja reið yfir í júní.

Meira og betra vatn á þurrkasvæðum

Meginmarkmið:

- Bætt heilsufar með aðgengi að drykkjarhæfu vatni og auknu hreinlæti

Á starfsárinu:

- voru brunnar grafnar
- voru vatnsþrær (birkur) grafnar
- var gert við gamla brunna
- voru íbúðarhús reist með vatnstönkum fyrir rigningavatn og eldaskálum
- voru kamrar reistir
- var fræðsla veitt um skilvirka stjórnun vatnsbóla
- var fræðsla veitt um mikilvægi hreinlætis og smitleiðir sjúkdóma

Eþíópía og Úganda

Í Sómalífylki í Austur-Eþíópíu valda tíðir þurrkar matarskortir og vannæringu. Hjálparstarf kirkjunnar starfar þar með sjálfsþurftarbændum að því að auka aðgengi að drykkjarhæfu vatni. Í kjölfar brunna- og birkugerðar er vinnuálag á konur og stúlkur minna. Þær verja 15 – 20 mínútum til þess að sækja vatn í stað þremur klukkustundum að meðaltali áður. Með bættu aðgengi að hreinu vatni aukast því möguleikar stúlkna á að sækja skóla.





Tækifæri fyrir fólk sem býr við sára fátækt til að hjálpa sér sjálf

Sómalífylki er eitt af fjórum fátækustu fylkjum í Eþíópíu. Þar sem skilyrði eru til rækta sjálfsþurftabændur maís, hirsj, hveiti og bygg. Skortur er á tækjum og tólum og því eru ræktunaraðferðir í jarðrækt takmarkaðar. Stærsta verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í þróunarsamvinnu er með sárafátækum bændum í fylkinu. Þeir bændur sem hafa hlotið fræðslu og þjálfun í nútímaræktunaraðferðum, betri verkfæri og dráttardýr hafa þrefaldað framleiðsluna á landskika sínum í kjölfarið. Áður plægðu þeir með haka eða biðu þess að get leigt uxa af öðrum og þá var tími þeirra til að plægja af skornum skammti.

Eþíópía

Meginmarkmið:

- Bætt heilsufar og aukið fæðuöryggi með meiri og betri framleiðslu

Á starfsárinu:

- höfðu bændur fengið dráttardýr og gátu aukið framleiðslu ræktunar
- fengu bændur endurbætta plóga, þreskivélar og skóflur til að auðvelda jarðrykju
- var fræum dreift til bænda fyrir ræktun sem og trjágræðingum til gróðursetningar
- voru nýjar korntegundir til ræktunar kynntar til sögunnar
- voru trjágræðingar ræktaðir til jarðvegsbindingar og til að mynda skjól fyrir aðra ræktun
- var fræðsla veitt um kosti víxlræktunar fjölbreyttra og þurrkapolinna korntegunda
- var fræðsla veitt um afleiðingu ofbeitar og bændur fengu þjálfun í náttúruvernd
- var unnið að náttúruvernd í hópastarfi um góða stjórnun auðlinda
- var þjálfun veitt í heyverkun
- var fræðsla veitt um hvernig auka má geymsluþol uppskerunnar
- fengu dýraliðar fræðslu og þjálfun um meðferð dýrasjúkoma
- voru lyf og áhöld veitt til að bólusetja og meðhöndla dýr
- fengu bændur tæki og tól til hunangsframleiðslu

Aukið jafnrétti og möguleiki á mannsæmandi lífi

Meginmarkmið:

- konur hafa ákvörðunarrétt yfir efnahagslegu öryggi sínu
- grunnþörfum sárafatækra barna er mætt og þau geta gengið í skóla
- börn og ungmenni í fátækrahverfum búa yfir verkkunnáttu til að sjá sér farborða
- börn og ungmenni eru upplýst um kynheilbrigði og rétt sinn til heilbrigðisþjónustu

Á starfsárinu:

- voru haldin námskeið fyrir karla og konur sem miðuðu að valdeflingu kvenna
- notuðu einstæðar mæður uxu sem þær höfðu fengið til að hefja ræktun
- fengu einstæðar mæður og munaðarlaus börn hænsn og geitur til að bæta fæðuval heimilisins og auka afkomumöguleika
- var sparnaðar- og lánaþópum kvenna komið á laggirnar
- fengu konur örlán til að hefja eigin atvinnurekstur
- var veitt fræðsla um skaðleg áhrif limlestingar á kynfærum kvenna
- voru haldnir vinnufundir fyrir skoðanaleiðtoga um leiðir til að afnema skaðlegar venjur eins og limlestingar á kynfærum kvenna og að gefa stúlkur barnungar í hjónaband
- voru reknar verkmenntastöðvar fyrir börn og ungmenni í fátækrahverfum
- voru skóli og heimavist rekin fyrir börn stéttleysingja á Indlandi
- fengu munaðarlaus börn aðstoð við að finna leiðir til framfærslu

Í þorpinu Godene í Sómalíflýki býr Múmína, 75 ára gömul ekkja. Múmína sem er nú einn af leiðtogunum í þorpinu fékk örlán, 18.000 krónur, frá Hjálparstarfinu árið 2007. Fyrir þann tíma var hún mjög fátæk og lifði af því að selja eldivið. Nú rekur hún verslun þar sem hún selur m.a. sykurlós, hrísgrjón og símkort. Hún stundar einnig nautgriparækt og á geitur. Örlánið hefur því skilað sér margfalt og Múmína hefur fyrir löngu greitt það til baka. Örlán og fræðsla um möguleika á atvinnuskapandi tækifærum er einmitt ein leið Hjálparstarfsins að því markmiði að efla völd og áhrif kvenna á svæðinu.

**Epíópía, Indland
og Úganda**





Öflugur hópur sjálfboðaliða Hjálparstarfs kirkjunnar flokkar fót, brýtur saman og raðar í hillur ásamt því að aðstoða þá sem koma til að fá notaðan fatnað hjá stofnuninni. Sjálfboðaliðarnir sem eru á annan tug talsins sjá einnig um skráningu gagna og á haustin ganga þeir frá söfnunarbaukum eftir fjáröflun fermingarbarna fyrir vatnsverkefnum Hjálparstarfsins. Elja og hjartahlýja sjálfboðaliðanna er framlag sem ekki verður metið til fjár.

Neyðaraðstoð vegna fátæktar

Meginmarkmið:

- grunnþörfum fólks er mætt
- fjárhagslegir erfiðleikar ógna ekki heilsu fólks
- fjárhagslegir erfiðleikar takmarka ekki möguleika barna og unglunga til farsæls lífs

Á starfsárinu:

- fengu efnalítill barnafjölskyldur um allt land sem og einstaklingar sem búa utan starfssvæða annarra hjálparsamtaka inneignarkort í matvöruverslunum
- var efnalítlu fólki veitt aðstoð við lyfja- og gleraugnakaup í neyðartilvikum
- fékk fólk notaðan fatnað hjá Hjálparstarfinu
- fengu efnalítill foreldrar stuðning til að kaupa skólafatnað á börn
- fengu foreldrar grunnskólabarna inneignarkort í ritfangaverslunum í upphafi skólaárs
- fengu efnalítill umgmenni styrk fyrir námsgögnum og fartölvur
- fengu ungmenni styrk til að standa straum af hluta kostnaðar vegna náms í framhaldsskóla
- fengu börn sem búa við kröpp kjör styrk til að stunda íþróttir, tómstundastarf og tónlistarnám
- fengu efnalítill barnafjölskyldur aðstoð til að halda jól
- fengu efnalítill fjölskyldur stuðning vegna fermingar barns

Bætt sjálfsmynd og meiri virkni fólks í félagslegri neyð

Meginmarkmið:

- vífahringur fátæktar og félagslegrar einangrunar er rofinn
- fólkið hefur fundið styrk sinn og notar hann til að taka ákvarðanir um eigið líf
- fólkið hefur sterka sjálfsmynd og tekur virkan þátt í samfélaginu

Á starfsárinu:

- tóku félagsráðgjafar Hjálparstarfsins á móti fólki í einkaviðtöl, veittu ráðgjöf og vísuðu fólki á úrræði í samfélaginu
- var fjármálaráðgjafi með viðtalstíma vikulega
- var sáttamiðlun og sálusorgun í boði
- voru haldin sjálfstyrkingar- og færninámskeið sem skipulögð voru í samráði við notendur
- var Breiðholtsbrúin opnuð sem vettvangur fyrir félagsskap granna og sameiginlegar máltíðir
- hófst samstarf við Ahmadiyya-múslima á Íslandi um að bjóða fólki sem býr við fátækt í mat
- var páskafrí skipulagt fyrir unglinga í sumarbúðum skáta við Úlfjótsvatn
- var sumarfrí skipulagt fyrir efnalittlar fjölskyldur í sumarbúðum skáta við Úlfjótsvatn
- fengu börn fjárhagslegan stuðning til að fara í sumarbúðir með jafnöldrum sínum
- fengu unglingar stuðning til að sækja sjálfstyrkingarnámskeið
- fengu efnalittlar fjölskyldur inneignarkort í leikhús, á veitingastaði, í kvikmyndahús og í húsdýragarðinn
- ræktuðu 16 fjölskyldur sitt eigið grænmeti í matjurtargörðum á vegum Hjálparstarfsins

Það voru þreyttir en hamingjusamir krakkar sem komu aftur heim til sín í apríl eftir vel heppnað páskaferð á Úlfjótsvatni fyrir 10 – 13 ára gömul börn sem búa við kröpp kjör. Krakkarnir fóru í fjallgöngu, lærðu klifur, sig og bogfimi og svo voru haldnir óhefðbundnir íþróttaleikar þar sem keppt var í stígvélakasti og öfugri vífaspyrnu. Krakkarnir voru frábærir og stóðu sig einstaklega vel í öllu því sem sett var fyrir þá.

Ísland





Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, tók á móti Pepp Ísland þann 17. október en sá dagur hefur að frumkvæði Sameinuðu þjóðanna verið helgaður útrýmingu fátæktar. Guðni tók á móti teikningu sem sýnir fátækt með augum átta ára stúlku hér á Íslandi en Pepparar báðu nemendur í 3. bekk grunnskóla um að sjá fyrir sér og teikna fátækt í hinum ýmsu myndum.

Aukin vitund um mannréttindi og mikilvægi sjálfbærni

Meginmarkmið:


- virðing er borin fyrir mannréttindum fólks sem býr við félagslega neyð
- fólk sem býr við fátækt talar fyrir sig sjálf
- fólk sem býr við fátækt tekur þátt í opinberum ákvörðunum sem það varðar
- þjónusta við fólk í félagslegri neyð er notendastýrð
- fólk getur lifað mannsæmandi lífi af launum sínum og lífeyri
- hnattræn samstaða er um sjálfbæra þróun og jafnrétti

Á starfsárinu:


- stóð Pepp Ísland, samtök fólks í fátækt, fyrir samtali við fjölmiðlafólk á Fundi fólksins í Norræna húsinu um hvernig fjallað er um fátækt í fjölmiðlum
- stóð Pepp Ísland og Velferðarvaktin fyrir morgunverðarfundum á Grand hóteli um mataraðstoð á Íslandi, umfang og leiðir til fjölbreyttari þjónustu
- veitti Pepp Ísland Fjölmiðlaverðlaun götunnur í fyrsta sinn fyrir faglega umfjöllun um fátækt á Íslandi
- skipulagði Pepp Ísland morgunverðarfundinn *Ekkert án notenda* um mikilvægi samræðs
- tóku félagsráðgjafar Hjálparstarfsins þátt í opinberu hópa- og nefndastarfi og þrýstu þar á um brýn úrlausnarefni til að koma á félagslegu réttlæti
- lét Hjálparstarfið rödd sína heyrast í fjölmiðlum um brýn verkefni samfélagsins
- voru fjögur tölublað fréttablaðs Hjálparstarfsins *Margt smátt...* gefin út, vef- og facebooksíðu haldið úti og fræðsluerindi haldin fyrir almenning
- mótmælti Hjálparstarfið tilskipun Bandaríkjaforseta um bann við landgöngu fólks frá 7 ríkjum
- tók Hjálparstarfið þátt í stefnumótun Alþjóðlegs hjálparstarfs kirkna um sjálfbæra þróun

Á Íslandi og á alþjóðavettvangi

Tekjur námu 272,8 milljónum króna



186,8 milljónum króna varið til verkefna



Fjármál


Söfnunarfé og útgjöld

Tekjur Hjálparstarfs kirkjunnar frá 1. júlí 2016 til 30. júní 2017 námu 272,8 milljónum króna. Þrjár hefðbundnar fjárflounarleiðir voru farnar á starfsárinu; söfnun með aðstoð barna í fermingarfræðslu í nóvember og jóla- og páskasöfnun. Í lok starfsárs hófst landssöfnun til aðstoðar Grænendingum í samstarfi við KALAK, vinafélags Grænlands, og fleiri vegna hamfara á vesturströnd landsins í júní. Regluleg styrktarframlög frá einstaklingum sem og prestum og sóknum þjóðkirkjunnar, keyptar styrktarlínur í fréttablað Hjálparstarfsins, Margt smátt..., keypt Fríðarljós, útikerti Hjálparstarfsins, minningarkort og gjafabréf af vefsíðunni gjofsemgefur.is renna styrkum stoðum undir starfið. Þá nýtur Hjálparstarfið trausts stuðnings stjórnvalda við verkefni innanlands sem og í þróunarsamvinnu og til mannúðaraðstoðar.

Framlög til verkefna

Hjálparstarf kirkjunnar varði 265 milljónum króna til verkefna og reksturs á starfsárinu. Alls varði stofnunin 60,7 milljónum króna til þróunarsamvinnuverkefna og 49,4 milljónum króna til mannúðaraðstoðar. Til verkefna innanlands varði Hjálparstarfið 68 milljónum króna og til fræðslu- og kynningarstarfs 8,7 milljónum króna. Af söfnunarfé sem effir er í lok starfsárs, 169,1 milljón króna, hefur stofnunin eyrnamerkt um 153 milljónir króna og skuldbundið sig til að verja til langtímaverkefna á næstu árum.

Ráðstöfun til verkefna og kostnaður nam 265 milljónum króna





English Summary



actalliance

Providing emergency assistance and empowering people in need

Icelandic Church Aid, founded in 1970, initiates and coordinates emergency assistance and development work on behalf of the National Church of Iceland. ICA has six staff members, is governed by a council of representatives that meets twice a year and an executive board of five members. ICA runs projects at home and funds projects abroad, bilaterally and through its membership of the Lutheran World Federation Development for World Service (LWF DWS) and Action by Churches Together, ACT Alliance.

Lutheran World Federation, LWF, is an alliance of 145 churches and faith based organisations in 98 countries, representing over 74 million people. LWF Department for World Service, LWF DWS, currently runs country programs and emergency operations in 25 countries in Africa, Asia, Latin America, the Caribbean and the Middle East. In 2016 it assisted over 2.7 million people in challenging humanitarian contexts. Through LWF DWS, ICA has access to expertise in specialized fields and is able to direct funds to the poorest of the poor in its development cooperation and humanitarian assistance. All work is done in close partnership with organisations and people at the grassroots' level.

ACT Alliance is a coalition of 145 churches and faith-based organisations working together in over 125 countries to create positive and sustainable change in the lives of poor and marginalized people regardless of their religion, politics, gender, sexual orientation, race or nationality in keeping with the highest international codes and standards. ACT Alliance coordinates emergency assistance on behalf of LWF and the World Council of Churches, as well as long-term development cooperation projects and strong advocacy and is supported by 51,000 staff and 167,000 volunteers.

In Iceland ICA provides assistance to people in need in cooperation with pastors and municipality social workers countrywide. Individuals and families living below the poverty threshold are provided with material assistance through gift cards in food and clothing stores, payment of medical bills in an emergency, second-hand clothing, payment of extra curricular activity fee for children etc.

Two ICA social workers offer counselling and organize various training courses and projects planned for the empowerment and social inclusion of the participants.

Humanitarian assistance

In October 2016, Hurricane Matthew swept through Haiti causing widespread damage, flooding, and displacement across the island. Over 800,000 people required urgent food assistance; acute malnutrition was a risk for nearly 112,500 children under five, and WASH services were required by over 750,000 people in the three months following the disaster to combat cholera and other diseases. ICA responded to the ACT Alliance appeal HT1161 with a financial contribution earmarked for the Norwegian Church Aid's WASH services.

ICA responded to ACT Alliance appeal UGA161 due to the mass influx of South Sudanese refugees in Uganda after the clashes in Juba that begun in July 2016. The security situation in South Sudan remains fragile, adding to the hunger situation that had already had its toll on the population before the conflict. These two factors have forced the population to flee to Uganda seeking assistance and protection. ICA contribution reinforces the response of ACT member LWF DWS in the sectors of Shelter, settlement and NFI; WASH; Protection; and Peace and Conflict Resolution in Northern Uganda.

Vulnerability levels remain critical in Somalia, due to continued insecurity and extremely low levels of socio-economic development. A number of shocks experienced in 2015, among them flooding, drought, conflict, persistent protection challenges and disease outbreaks illustrate Somalia's continued fragility. ICA responded to the ACT Alliance appeal - SOM171 Drought Emergency Response, earmarking the contribution to NCA intervention in Gedo Region, where approximately 250,000 people, or 49% of the population, were in need of food assistance and water and sanitation facilities.

ICA started fundraising in June in cooperation with Kalak, Friends of Greenland, to respond to the needs of the inhabitants of Nuugaatsiaq on Greenland's western coast who lost their houses and infrastructure after an earthquake caused the village to flood.





Water and food security

Water is scarce in our intervention areas in Ethiopia and Uganda. Thus water is the basis of all our work, supporting other components. This year ICA funded the construction of water tanks, shallow wells and cisterns and trained water committees for the maintenance of wells and their surroundings. Purifying tablets were distributed where surface water is used. Latrines were built, and hygiene and sanitation practices for personal needs and the cleanliness of the home and its surroundings were taught.

With more water accessible, irrigation sustained diverse new crops that were used to supplement main crops and improve soil. Tools were supplied as well as training in processing and storing of harvests, food and water. Animal husbandry increased, with training in care, as low productivity and diseases are constraints on farming. Para vets had refresher training in diagnosis and treatment. A water source within easy reach saves time. More girls were able to go to school, mothers had more time for childrearing, food production and economic activities.

Environmental protection is integrated into water and livelihood schemes; teaching, training and tools work together to conserve soil along with new species for food and fodder, inter-cropping, manure as fertilizers, tree nurseries, water harvesting and hygiene.

In our projects, government agents, traditional leaders and beneficiaries all receive training on local and international law on conservation, responsible and equitable use of natural resources, along with disaster preparedness linked to drought and floods. Bringing them together links duty bearers and rights holders, increases understanding, explains shortcomings and smoothens cooperation. People understand how water, soil and trees, crops and refuse are all linked together. They understand how a different approach in one area leads to more success in another.

Empowering women to build stronger societies

ICA development cooperation projects beneficiaries live in absolute poverty in the harshest environments. Not because it is their choice, it is all they can afford. To develop their skills to fight for their own rights, ICA's work is becoming more and

more rights based. Beneficiaries participate fully in projects, learning not only new methods and thus improving their daily lives, but more importantly also about their rights and how to claim them.

Women in our intervention areas in Ethiopia have no access to and control over productive resources (especially land and livestock). Women are also excluded from extension and training services provided by local institutions. Furthermore, women are excluded from the decision making processes at community level. The effect on rural poverty and poor health conditions is aggravated by these deep rooted traditional, social and cultural practices which biases against women.

We train people, especially women, to assess their situation, put their ideas into words and claim their place at the decision making table. Extensive work is done with traditional and religious leaders, government agents and institutions to influence behavior change and recognize the various aspects of poverty and how funds and services can be channeled to reduce it.



Shelter and Education for a chance at life

In the Ugandan districts of Lyantonde and Rakai, where orphaned children struggle with adult responsibilities, taking care of younger siblings as head of household, ICA continued its support to counter the effects of HIV/AIDS and provided affected families with housing, household items, beddings, mosquito nets, goats, poultry and more. In Kampala, the capital city of Uganda, ICA started its support to the work of LWF DWS and Uganda Youth Development Link (UDEL) with vulnerable youth in urban slums. Huge unemployment and related income poverty problems make young people very vulnerable to abuse and exploitation. UDEL offers skills training in youth centers enabling them to find a means of livelihood. In India, ICA continued its support towards children and youth and provided support for primary, secondary and even university studies.

Emergency assistance and empowerment at home

Since its foundation in 1970, ICA has assisted people in need in Iceland. People who seek our assistance first meet with our Social Workers who identify their specific needs. According to the application process, each applicant is requested to



produce documents providing information regarding his income and expenditure for basic needs to be met. Should the difference between the two be lower than dictated by the authorities to be a minimum amount to support a family, the applicant will receive assistance in the form of a gift card in food stores, second hand clothing, payment of drug and medical costs and more. Special emphasis is on responding to the needs of children in need. Assistance is available to youth, who are financially not able to support themselves during secondary studies. ICA's assistance aims at helping them graduate and be able to enter University level studies or graduate with certificates that make them more competitive on the job market.

ICA's social workers work with people in need, responding to individual cases in an appropriate manner. Various counselling, free of charge, for example financial counselling and mediation for conflict resolution, is offered as well as self-help courses and activities aiming for social inclusion of the participants.


Advocacy

Information collected through individual interviews, enables ICA social workers to lobby for support measures from government and municipalities on the basis of reliable data. ICA social workers participate in public committees promoting civil rights and pointing out various problems ICA beneficiaries face. Together with other NGOs and beneficiaries, ICA works on different levels at encouraging the law maker and the general public to strive for social justice and equality.


Changemakers, ICA's youth movement, fights global warming, unfair trade, debt crises in developing countries, violence and HIV/AIDS, with positive actions in their home country, Iceland. They visit schools, organise workshops and happenings, publish brochures, aim to influence the government and engage the public in conversation. Changemakers in Iceland cooperate with their counterparts in Norway and other countries. Participants are 13-30 years old working for a better world -having fun doing it.




Total Income 272,8 million ISK



Expenditure for Projects 186,8 million ISK



Total Expenditure 265 million ISK



Stuðningur þinn gerir Hjálparstarfið mögulegt

Meginmarkmið:

- Að afla fjár svo Hjálparstarf kirkjunnar geti starfrækt öflugt mannúðar- og hjálparstarf á Íslandi og í fátækustu samfélögum heims

Á starfsárinu:

- naut Hjálparstarfið reglulegra styrktarframlaga frá Hjálparliðum, prestum og sóknum þjóðkirkjunnar og bárust erfðagjafir sem stuðningur við góðgerðarmál
- gengu börn í fermingarfræðslu í hús með söfnunarbauka Hjálparstarfsins og söfnuðu fé til vatnsverkefna í Afríku
- svaraði almenningur kalli í söfnunum um jól og páska þegar safnað var fyrir verkefnum í Epíopíu og Úganda með því að bjóða fólki að greiða valgreiðslu í heimabanka og í júní í landssöfnuninni Vinátta í verki, aðstoð við Grænlandinga í kjölfar flóðbylgju
- treystu stjórnvöld Hjálparstarfinu fyrir opinberum framlögum til mannúðaraðstoðar og þróunarsamvinnuverkefna sem og til aðstoðar innanlands
- studdu fyrirtæki og stofnanir starfið með beinum styrkjum sem og með birtingu styrktarlína og auglýsinga í fréttablaði Hjálparstarfsins **Margt smátt...** sem kom út fjórum sinnum á starfsárinu
- keyptu syrgjendur minningarkort Hjálparstarfsins og styrktu þannig starfið
- keypti fólk útikertin Friðarljós til að tendra á aðventu og um háttíðinar
- keyptu fjölmargir tækifærissgjafir á gjafabréfasíðu Hjálparstarfsins **www.gjofsemgefur.is**. Gjafirnar sem þar fást eru táknrænar og endurspeglar starfið. Fólkid sem fær þau að gjöf fær tækifæri til að hjálpa náunga sínum til sjálfshjálpar og það er dýrmæt gjöf

Við stefnum ótrauð að Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um farsæld, frið og öryggi í heiminum fyrir árið 2030. Takk fyrir dýrmætan stuðning!

Stjórn og starfsfólk

Hjálparstarfs kirkjunnar 2016-2017:

Stjórn:

Ingibjörg Pálmadóttir fyrrverandi ráðherra, formaður
Lóa Skarphéðinsdóttir hjúkrunarfræðingur
Páll Kr. Pálsson hagverkfræðingur

Varamenn:

Hörður Jóhannesson, aðstoðarlögreglustjóri
Gunnar Sigurðsson, tölvunarfræðingur

Starfsfólk:

Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri
Atli Geir Hafliðason, umsjón með starfi sjálfbóðaliða, fatalager, sölu Friðarljósa o.fl.
Áslaug Arndal, umsjón með skrifstofu og verkefni í þágu barna á Indlandi
Kristín Ólafsdóttir, umsjón með fræðslu og fjáröflun
Sædis Arnardóttir, félagsráðgjafi í innanlandsstarfi
Vilborg Oddsdóttir, félagsráðgjafi og umsjónarmaður innanlandsstarfs

Heimilisfang:

Háaleitisbraut 66, 103 Reykjavík
Sími: 528 4400
www.help.is
facebook: @hjálparstarf.kirkjunnar

Ljósmyndir: Starfsfólk Hjálparstarfs kirkjunnar nema
Hávard Bjelland/Hjálparstarf kirkjunnar í Noregi bls. 4
og 19 og Þorkell Þorkelsson ljósmyndari bls. 7 og 8.
Hönnun: Margrét E. Laxness
Prentun: Guðjón Ó – vistvæn prentsmiðja



Heimasíða: www.help.is

Facebooksíða: [@hjalparstarf.kirkjunnar](https://www.facebook.com/hjalparstarf.kirkjunnar)

Gjafabréf: www.gjofsemgefur.is

Framlög: www.framlag.is

Ungliðahreyfing: www.changemaker.is



THE
LUTHERAN
WORLD
FEDERATION

actalliance